

Minning

Guðmundur Sveinsson (6.1.1907-12.5.2001)

Sagt er að menn sem fæddust hér á landi um eða upp úr byrjun síðustu aldar, og auðnaðist langt líf, lifðu í raun alla Íslandssöguna. Þá er vísað til þess að frá landnámstíð og fram á daga “aldamótakynslóðarinnar” var þróun þjóðfélagsins, verkætnei og lífsvenja, ákaflega hæg.

Guðmundur Sveinsson var af þessari kynslóð aldamótarmanna.



Guðmundur fæddist í Vík í Mýrdal 6. janúar 1907 inn í stóran systkinahóp fjölskyldu sem ekki bjó við mikil efni. Til að létta á fóðrum var hann fimm ára gamall sendur í fóstur til ömmusystur sinnar að Feðgum í Meðallandi. Þar ílentist hann hjá góðu fólki og hleypti ekki heimdraganum að fullu fyrir en hann var kominn undir tvítugt. Að Feðgum voru búskaparhættir með fornu sniði. Þar leið Guðmundi samt vel að eigin sögn þótt hann væri látinn sitja kvíæer um leið og hann hafði aldur til og vinna önnur störf sem til féllu eftir því sem þol og kraftar leyfðu. Þetta var í samræmi við venjur þess tíma en myndi kallast barnaþrælkun núna. Á meðan Guðmundur átti heimili á Feðgum fór hann til sjós, eina vorvertíð í Vestmannaeyjum og vetrarvertíð í Grindavík – síðustu vertíðina sem þaðan var róið á opnum áraskipum.

Um tvítugt hafði Guðmundur tekið bílpróf og var tekinn til við að safna saman mjólk á Suðurlandsundirlendinu fyrir Mjólkurbú Flóamanna. Það er til marks um röskleika hans á þeim árum að hann fékk snemma viðurnefni – Gvendur í loftinu eða Gvendur á fartinni – og ber að skilja þau heiti í jákvæðustu merkingu þeirra orða. Árið 1930 tók hann meirapróf og gerðist þá bílstjóri hjá Bifreiðastöð Steindórs – ók meðal annars með farþega á Alþingishátíðina á Þingvöllum það ár. Árið 1935 gerðist hann svo starfsmaður Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Guðmundur var íþróttamaður. Hann iðkaði bæði sund og hlaup á yngri árum og fleira lagði hann fyrir sig. Skemmtileg þykir mér saga sem hann sagði mér eitt sinn og gerðist þegar hann ók hjá Steindóri veturinn 1932-3: Þá snjóaði einhver býsn í Reykjavík og götur urðu ófærar bílum. Af þeim sökum gaf Steindór bílstjórum sínum frí í nokkra daga. Þá tóku þeir sig saman þrír vinnufélagar og brugðu sér inn til L. H. Muller í Austurstrætinu og keyptu sér skíði. Slík tól hafði Guðmundur ekki áður notað sem neinu nam. Til að reyna skíðin örkuðu þeir á þeim til Hafnarfjarðar. Að fenginni þeirri reynslu lögðu þeir án frekari vafninga upp í annað ferðalag og öllu lengra. Þá lögðu þeir leið sína á skíðunum austur yfir fjall, komu víða við og gistu m.a. á bæjum í Ölfusinu þar sem þeir þekktu til. Þaðan héldu þeir sem leið lá upp að Laugarvatni og síðan heimleiðis um Lyngdalsheiði og Þingvelli. Alls tók ferðin ellefu daga. Geri aðrir óvaningar á skíðum betur!

Rekja mætti fleiri sögur af afrekum Guðmundar á yngri árum. Hann fór t.d. fræga ferð á Langjökul við þriðja mann árið 1934 og á Örafajökul (Hvannadalshnúk) gekk hann, einnig við þriðja mann, árið 1941. Ekki þætti fjallgöngu- eða klifurbúnaður þeirra félaga beysinn nú til dags, en Oddur bóndi í Skaftafelli lánaði þeim vatnastöngina sína og þeir höfðu með sér kaðalspotta.

Guðmundur eignaðist hertrúkk þegar Sölunefnd varnarliðseigna tók að selja slík tæki að loknu seinna stríði. Á þeim bíl varð Guðmundur fyrstur manna til að aka vélknúnu farartæki inn í Landmannalaugar árið 1946 og samsumars tók hann þátt í fyrstu ferð bifreiða að Fjallabaki úr Landmannalaugum austur í Skaftártungu.

Guðmundur kynntist meistara Jóhannesi Kjarval vel enda voru þeir sveitungar. Hann ók með hann um fjallaslóðir og sat (eða stóð) fyrir hjá honum – meðal annars á risastórri mynd, Krítik (líðlega 2x4 m), sem telst meðal tímamótaverka meistarans og varðveitt er á Kjarvalsstöðum.



Guðmundur brallaði eitt og annað með nafna sínum Jónassyni fjallabílstjóra fyrir á árum og þá var hann einnig leiðsögumaður Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings er hann kannaði forna vörslugarða í Skaftafellssýslu.

Áfram mætti rekja tiltektir eða viðfangsefni Guðmundar, þótt ekki gefist tólm til þess hér, en flest ef ekki öll endurspeglar þau ást hans og áhuga á landi og sögu. Aðeins skal nefnt að fyrir all mörgum árum setti hann niður nokkrar trjáplöntur í lítinn reit austur í Eldhrauni. Plönturnar hafa dafnað með ólíkindum vel og með tilrauninni sýndi hann fram á að mögulegt er að láta trjágróður þrífast þarna í sjálfum brunanum.

Fyrir er nefnt að Guðmundur varð starfsmaður Rafmagnsveitu Reykjavíkur árið 1935. Um 1950 varð Rafmagnsveitan aðili að ákvörðun um að stofna til félagsskapar um skýrsluvélar, sem í fyllingu tímans hlaut nafnið Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurbæjar (Skýrr). Vélbúnaður var pantaður og kom til landsins 1952. Árið 1951 sendi Rafmagnsveitan Guðmund til Danmerkur til að læra notkun vélanna og kynnst vinnslu innheimtubókhalds í skýrsluvélum hjá rafveitu þar í landi. Er heim kom þá um haustið, tók Guðmundur svo til óspilltra málanna við undirbúning vinnslu innheimtubókhalds Rafmagnsveitunnar hér heima í hinum nýju vélum. Þegar Skýrsluvélar tóku til starfa gerðist Guðmundur þar yfirverkstjóri. Erfiði frumbýlingsáranna hjá Skýrsluvélum gekk nærri heilsu Guðmundar og árið 1958 fékk hann sig fluttan í annað starf hjá Rafmagnsveitunni þar til hann stuttu síðar tók að sér stjórn götunarstofu Reykjavíkurborgar, sem svo hét. Sú deild var svo færð undir Skýrr 1966 og var Guðmundur þá kominn “heim á ný” eftir nokkra frátöf.

Lengi vel skaut Guðmundur elli kerlingu ref fyrir rass. Hann var viðloðandi störf hjá Skýrr fram yfir áttætt, ávallt kvikur og léttur á fæti – hljóp við fót er hann átti erindi milli húsa. Hvar sem hann staldraði við meðal starfsfólks færði hann með sér frískleika og kátínu og hann bjó yfir ótæmandi sjóði af sköndnum sögum og kveðskap.

Starfsfólk Skýrr þakkar Guðmundi áratuga ánægjulegt samstarf sem aldrei bar skugga á. Kristbjörgu Bjarnadóttur, ekkju Guðmundar, sonum þeirra tveimur, Bjarna og Magnúsi og fjölskyldum þeirra er vottuð innileg samúð.

Óttar Kjartansson

(Morgunblaðið 22. maí 2001)